

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 10. apríl 1943.

Í máli þessu hefur gerðarþoli krafizt þess, að lögmaðurinn í Reykjavík viki sæti vegna þess, að fulltrúi hans væri í stjórn hluta-félags þess, er um gerðina biður. Gerðarbeiðandi hefur hins vegar mótmælt því, að ástæða væri fyrir lögmann að vikja sæti, og var því atriðið tekið til úrskurðar í dag. Af hinum framlögðu skjölum verður séð, að Bjarni Bjarnason, fulltrúi lögmanns, er hluthafi í h/f Mun-inn og í stjórn þess. Hins vegar verður ekki séð, að hann hafi þeirra hagsmuna að gæta í sambandi við félag þetta, að það samræmist gild-andi lögum, að lögmaðurinn í Reykjavík, sem hann er fulltrúi hjá, viki sæti af þeim sökum.

Því úrskurðast:

Lögmaðurinn í Reykjavík vikur ekki sæti í máli þessu.

Miðvikudaginn 5. maí 1943.

Nr. 59/1941. **Björn Gottskálksson** (Magnús Thorlacius)
gegn

Kristjáni Kjartanssyni
(Guðmundur Í. Guðmundsson).

Mótmæli gegn kröfu of seint fram borin.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóminn hefur upp kveðið Guðmundur Hannesson, bæjarfógeti á Siglufirði.

Áfrýjandi, sem skotið hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 2. júlí 1941, máli þessu til hæstaréttar með stefnu 10. s. m., krefst þess, að honum verði einungis dæmt að greiða stefnda kr. 73.55 vaxtalaust, að málskostnaður í héraði falli niður og að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Stefndi krefst staðfest-ingar héraðsdómsins og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir hæstarétti.

Mál þetta var þingfest í héraði 10. október 1940. Lagði stefndi þá fram sáttakæru, stefnu, reikninga, vottorð og greinargerð. Áfrýjandi kom sjálfur fyrir dóm ásamt Jóni Sigurðssyni lögfræðingi, og fengu þeir frest til 17. s. m. Er

málið kom aftur fyrir dóm, sótti Jón Sigurðsson þing af hendi áfrýjanda og fékk nú frest eftir frest allt til 27. febrúar 1941, án þess að hann legði fram allan þenna tíma greinargerð eða hreyfði nokkrum andmælum. Hinn 27. febrúar var ekki sótt dómþing af hendi áfrýjanda, enda var Jón Sigurðsson, er hann hafði falið meðferð málsins, ekki staddur á Siglufirði. Tók héraðsdómari þá málið til dóms eftir kröfu stefnda og kvað upp hinn áfrýjaða dóm.

Hér fyrir dómi hefur áfrýjandi lagt fram ýmis gögn, þ. á. m. aðiljaskýrslu stefnda, vitnaskýrslu og vottorð. Krefst hann þess með skírskotun til novaleyfis 5. febrúar 1943, að málið verði dæmt í hæstarétti samkvæmt nefndum gögnum. Stefndi mótmælir því hins vegar, að önnur gögn en þau, er lágu fyrir héraðsdómara, verði hér fyrir dómi til greina tekin. Samkvæmt 110. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 111. gr. sömu laga, skulu staðhæfingar um málsatvik og mótmæli jafnan koma fram, jafnskjótt og tilefni verður, og má annars kostar ekki taka slíkar yfirlýsingar til greina, nema gagnaðili samþykki. Málsástæður þær og gögn, er áfrýjandi flytur fram í hæstarétti, var honum, að því er sýnt þykir, í lófa lagið að bera fyrir sig í héraði, og verða þau því ekki til greina tekin gegn andmælum stefnda. Samkvæmt þessu og þar sem héraðsdómurinn er í samræmi við gögn þau, sem fyrir lágu í héraði, ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda kr. 500.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Það athugast, að aðgerðarleysi það og dráttur, sem varð á máli þessu í höndum Jóns Sigurðssonar lögfræðings, er ámælis verður.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Björn Gottskálksson, greiði stefnda, Kristjáni Kjartanssyni, kr. 500.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Siglufjarðar 6. marz 1941.

Með stefnu, dags. 30. september 1940, að undan genginni árangurslaustri sáttatilraun samkv. sáttakæru, dags. 4. s. m. og birtri 11. s. m., krefst stefnandinn, Kristján Kjartansson, Siglufirði, að stefndur, Björn Gottskálksson útgerðarmaður, þá til heimilis í Hafnargötu 3, Siglufirði, verði dæmdur til þess að greiða sér kr. 6338.09 með 5% ársvöxtum frá sáttakæruðegi, en til vara kr. 1309.09 með 5% vöxtum og til þrautavara, að stefndur verði dæmdur til þess að skila sér 7720 kílóum af finu salti og greiða kr. 338.09 með 5% vöxtum gegn því, að stefnandi greiði stefndum kr. 579.00.

Tildrög málsins telur stefnandi þau, að stefndur hafi f. h. stefnanda tekið á móti 7720 kílóum af finu salti 28. ág. 1939 frá Sildarútvegsnefnd og kvittað fyrir. Hafi stefndur um þetta leyti annazt sildarsöltun fyrir stefnanda og hafi þetta salt verið flutt á sildarstöð, sem stefndur hafði á leigu. Í byrjun september, þegar stefnandi hafi sjálfur þurft að nota saltið, hafi stefndur neitað að afhenda saltið. Kveðst stefnandi hafa sjálfur ætlað að nota þetta salt til matjessildarsöltunar, en fint salt, sem nauðsynlegt sé til matjessildarsöltunar, hafi ekki fengið í bænum.

Telur stefnandi, að tjón það, er hann hafi beðið af þessu, að útilokast frá sildarsöltuninni, sé a. m. k. 6000 kr. Auk þess hafi stefndur 1939 fengið hjá stefnanda haustið 1939 2 tn. af hausskorinni saltsild, og reiknar stefnandi þær á kr. 98.09.

Þá krefst stefnandi til vara, að stefndum beri að greiða fyrir saltið það verð, er slikt fint salt kosti nú, og sé það a. m. k. 200 kr. smálestin. Þessi 7720 kíló eigi því að greiðast með kr. 1544.00, en upp í það hafi stefndur greitt kr. 579.00 inn á reikning stefndanda við Sildarútvegsnefnd, og sé því kr. 965.00 varakrafa sín fyrir saltið.

Þá kveður stefnandi stefndan skulda sér 120 kíló af lárviðarlaufum, eða kr. 240.00. Þá kveður stefnandi stefndan skulda sér andvirði 2ja tunna af hausskorinni sild, eins og fyrr segir, eða kr. 98.09. Verður þá varakrafan alls kr. 1303.09.

Til þrautavara krefst stefnandi, að stefndur skili sér 7720 kílóum af finsalti, greiði sér kr. 240.00 fyrir lárviðarlaufin og kr. 98.09 fyrir 2 tn. hausskorna sild haustið 1939, gegn því, að hann (stefnandi) endurgreiði stefndum þær kr. 579.00, sem stefndur hafi greitt inn á reikning stefnanda við Sildarútvegsnefnd.

Auk þess krefst stefnandi í aðalkröfu, varakröfu og þrautavarakröfu málskostnaðar samkv. reikningi, en í málflutningnum er hans krafizt með kr. 303.85 samkv. sundurliðuðum reikningi.

Stefndur mætti fyrsta fyrirtektardag málsins, en eftir það löglerður umboðsmaður hans eða lét mæta. Stefndur og umboðsmaður hans hafa alls fengið 19 vikna frest í málinu, en í síðasta réttarhaldi málsins 27. f. m. mætir enginn af hendi stefnds, og leggur þá stefnandi málið í dóm.

Af hendi stefnds hefur engum andunælum verið hreyft.

Verður því að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum af hendi stefnanda.

Að því er aðalkröfu stefnanda snertir, þá hefur stefnandi þrátt fyrir áskorun og bendingu dómarans eigi viljað eða getað frekar rökstutt 6000 kr. skaða þann, er hann telur sig hafa beðið við að fá ekki saltið og þannig orðið af söltun matjessildar.

Verður því eigi hægt að taka aðalkröfu stefnanda til greina, vegna þess að hún er eigi nógu skilgreind.

Hins vegar verður, eins og málið liggur fyrir, að taka til greina varakröfu stefnanda kr. 1303.09, svo sem hún er sundurliðuð og rökstudd, eins og fyrr segir, ómótmælt af stefndum eða umboðsmanni hans og vöxtu 5% frá 11. sept. 1940.

Málskostnað þykir hæfilegt að stefndur greiði stefnanda með kr. 200.00.

Þvi dæmist rétt vera:

Stefndur, útgerðarmaður Björn Gottskáلكsson, áður Hafnar götu 3, Siglufirði, greiði stefnandanum, Kristjáni Kjartanssyni, Siglufirði, kr. 1303.09 með 5% ársvöxtum frá 11. sept. 1940 og 200 kr. í málskostnað, en sé stefndur sýkn af frekari kröfu stefnandans.

Hið ídæmda ber að greiða innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 7. maí 1943.

Nr. 66/1942: **Einar Ágúst Einarsson**

gegn

Skarphéðni Jónssyni og dánarbúi Jóns Jónssonar.

Setudómari hrl. Theódór B. Líndal
í stað hrd. Gizurar Bergsteinssonar.

Sáttatilaun ekki lögskipuð í málum, sem ber undir merkjadóm Reykjavíkur. Öflun framhaldsskýrslna.

Úrskurður hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 10. júní 1942, að fengnu áfrýjunarleyfi 8. s. m. Hefur